

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

358. fundur

Mánudaginn 4. júlí 2022 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs og hófst hann kl. 12:00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG) Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Næturstæto

Tekið fyrir:

1. Næturstæto.

Á stjórnarfundum þann 1. júlí 2022 óskaði stjórn eftir minnisblaði um nánari útfærslu og kostnað næturstæto. Fyrir fundinum lá minnisblað dagsett 2. júlí 2022 um næturstæto. Um er að ræða leiðir 101, 102, 103, 105, 106 og 111. Áætlaður kostnaður er rúmlega 22,2 m.kr. fyrir tímabilið júlí til loka september. Bætt verður við leið sem mun aka um Bústaðarveg í Grafarholt og Úlfarsárdal og bætist þá við kostnaður um 2,5 m.kr., áætlaður heildarkostnaður verður því um 25 m.kr..

Stjórn samþykkir akstur næturstæto til reynslu að nýju frá 8. júlí n.k til loka september 2022. Framtíðarfyrirkomulag á næturstæto verður metið í framhaldinu af þessu tímabili.

Leitast verður eftir að nota rafvagna í akstur næturstæto eins og kostur er.

Fylgiskjöl: Minnisblað um næturstæto

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson